# Ársskýrsla Keilusambands Íslands

## 2000-2001

## 8. þing KLÍ
## 27. og 28. apríl 2001

Valgeir

# DAGSKRÁ 8. ÞINGS KLÍ

## Föstudaginn 27. apríl og laugardaginn 28. apríl 2001
## Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

**Föstudaginn kl. 18:00**

1 Þingsetning.
2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
3 Kosnar fastanefndir:
   a) Kjörbréfanefnd.
   b) Fjárhagsnefnd.
   c) Laga- og leikreglnanefnd.
   d) Allsherjarnefnd.
   e) Kjörnefnd.
   Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

**Laugardaginn kl. 10:00**

9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10 Önnur mál.
11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ.
12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
13 Kosnir þrír menn í dómstól og þrír til vara.
14 Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.
15 Þingslit.

# SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

**Frá 15. apríl 2000 – 27. apríl 2001**

8. ársþing KLÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
föstudaginn 27. apríl og laugardaginn 28. apríl 2001

---

## STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| *Formaður* | Valgeir Guðbjartsson |
| *Varaformaður* | Hörður Ingi Jóhannsson |
| *Gjaldkeri* | Sirrý Hrönn Haraldsdóttir |
| *Ritari* | Sigríður Klemensdóttir |
| *Meðstjórnandi* | Björgvin Björgvinsson |
| *Varamenn:* | Jóna Alexandersdóttir |
| | Gunnar Gunnarsson |
| | Magnús Reynisson |

---

## DÓMSTÓLL

| | |
|---|---|
| *Aðalmenn:* | Guðjón Ólafsson |
| | Haraldur Sigursteinsson |
| | Þórir Ingvarsson |
| *Varamenn:* | Helga Sigurðardóttir |
| | Ingimundur Helgason |
| | Þórður Tyrfingsson |

## SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Guðni Gústafsson
Pétur Helgason

---

## NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

| | |
|---|---|
| **Aganefnd** | Guðný Gunnarsdóttir *form.* |
| | Gylfi Ástbjartsson |
| | Ómar Kristjánsson |
| **Laga- og leikreglnanefnd** | Þórir Ingvarsson *form.* |
| | Gunnar Gunnarsson |
| **Mótanefnd** | Sölvi B. Hilmarsson *form.* |
| | Jón Helgi Bragason |
| | Árni Geir Ómarsson |
| | Þórhallur Hálfdánarsson |
| **Tækninefnd** | Ásgrímur H. Einarsson *form.* |
| | Jón Helgi Bragason |
| **Unglinganefnd** | S. Unnur Vilhjálmsd. *form.* |
| | Erla Ívarsdóttir |
| | Theódóra Ólafsdóttir |
| **Upplýsinganefnd** | Gunnar Gunnarsson *form.* |
| | Þórhallur Hálfdánarson *netstj.* |
| ***Kerfisstjóri*** | Ásgeir Þór Þórðarson |
| ***Landsliðsþjálfari*** | Theódóra Ólafsdóttir |

## INNGANGUR

Nú þegar Keilusambandið hefur starfað í níu ár þá eru helstu störf stjórnar og nefnda komin í ákveðnar skorður, þó verður alltaf áherslumunur á, eftir því fólki sem starfar í stjórn og nefndum.

Á liðnu starfsári hefur stjórnin fundað reglulega aðra hverja viku, oftast á miðvikudögum, fundir hafa síðan fallið niður vegna sumarleyfa og þess háttar. Alls hafa verið 16 stjórnarfundir frá síðasta þingi.

Nefndir Keilusambandsins geta haft nóg að gera en því miður hafa ekki allar sinnt starfi sínu sem skildi.

Almennum iðkendum í keilu hefur fjölgað verulega undanfarin ár, en því miður hefur keilurum sem stunda keilu sem keppnisíþrótt fækkað að sama skapi verulega á undanförnum 2-3 árum. Við getum leitað ýmissa skýringa en hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér, nýliðun hefur ekki verið fyrir hendi hjá flestum keilufélögum og meðan svo er þá fjölgar ekki í keppniskeilunni, eins var lokað eina keilusalnum á suðurnesjum síðastliðið haust.

Í myrkrinu má þó sjá smá ljóstýru, opnaður verður keilusalur á Akranesi innan tíðar, og fregnir bárust af því s.l. vetur að loksins væri kominn hugur í menn á Akureyri og væri búið að festa húsnæði undir keilusal, en fjármögnun á keilubrautum og öðru skilst mér að hafi tafist verulega. Ennfremur má geta þess að í sumar á að gefa keilusalnum í Öskjuhlíð andlitslyftingu með endurnýjuðum brautum, tölvuskori og fleiru þannig að vonandi verður keppniskeilurum boðlegt að stunda þar keppni á komandi hausti.

Á sama tíma og keppendum í keilunni, sérstaklega liðakeppni, hefur fækkað verulega þá hefur náðst mjög góður árangur í flestum þeim mótum erlendis sem íslenskir keppendur hafa tekið þátt í. Fyrst skal telja heimsbikarkeppni einstaklinga þar sem íslenski þátttakandinn stóð sig frábærlega, og er það annað árið í röð sem það gerist, og var keppandinn lengi í baráttu um að komast í 8 manna úrslit. Næst skal telja Norðurlandamót fullorðinna sem var haldið í Noregi í febrúar, þar náðu liðin góðum úrslitum í liðakeppninni, karlarnir náðu 3. sæti og konurnar voru nálægt verðlaunasæti, ennfremur náði einn af íslensku keppendunum þeim árangri að fara inn í 8 manna úrslit (í 5. sæti). Að síðustu skal nefna síðan Norðurlandamót unglinga sem var haldið í Danmörku í mars s.l., þar náði piltaliðið þeim frábæra árangri að lenda í 3. sæti, og er það í fyrsta skipti sem unglingalið frá okkur nær verðlaunasæti á norðurlandamóti.

Á árinu var unnin afreksstefna KLÍ og er hún birt hér í árskýrslu sambandsins, afrekstefna sambandsins er frumskilyrði þess að hægt sé að fá styrki úr hinum ýmsu sjóðum ÍSÍ og Olympíufjölskyldunnar.

Á næsta ári bíður síðan það verkefni að klára að móta stefnur KLÍ í hinum ýmsu málum og gefa þær út.

Valgeir Guðbjartsson
formaður KLÍ

## KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá átta félögum frá fjórum héraðssamböndum. Samkvæmt eldri upplýsingum frá ÍSÍ sem fengnar eru úr kennsluskýrslum þá er um að ræða töluverða fækkun síðastliðin ár. Það er líka ljóst að almennir iðkendur í keilu eru mun fleiri en skráðir eru hjá keilufélögunum.

*Tafla 1, Keilufélög og deildir,*
*fjöldi iðkenda skv. kennsluskýrslum til 1998 og fjöldi keppenda frá árinu 1998 skv. KLÍ*

| Félag/ keiludeild | Sveitar félag | Stofnað | Fjöldi iðkenda/keppenda | | | | Keppendur 1999 | Keppendur 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | | |
| | | | | | | | | |
| **Samtals** | | | **566** | **651** | **511** | **436** | **422** | **307** |
| | | | | | | | | |
| KFR | ÍBR | 10. sept. 85 | 206 | 197 | 212 | 177 | 159 | **148** |
| KR | ÍBR | 27. júní 90 | 54 | 57 | 64 | 37 | 46 | **24** |
| ÍR | ÍBR | 1994 | 99 | 129 | 133 | 58 | 58 | **47** |
| Fylkir | ÍBR | 1994 | | 7 | 7 | 5 | 6 | **7** |
| ÍFH | ÍBR | 1994 | 19 | – | | 9 | 8 | **3** |
| Ösp | ÍBR | | | 12 | | | | |
| KSÁÁ | ÍBR | 1997 | | | | 8 | 12 | **5** |
| HK | UMSK | 1994 | 7 | 13 | 13 | 20 | 17 | **11** |
| KGB | UMSK | 25. maí 89 | 38 | 35 | 49 | 27 | 27 | **24** |
| Keflavík | ÍRB | 1995 | 18 | 50 | 33 | 39 | 73 | **41** |
| KFS | ÍRB | 31. júlí 89 | 125 | 151 | | 34 | | |
| ÍA | ÍA | 1997 | | | | 19 | 16 | **6** |

## KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í tveim keilusölum í vetur:
- *Keiluhöllinni í Öskjuhlíð,* 18 brautir.
- *Keila í Mjódd,* 10 brautir.

## VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Keilarar ársins 2000 voru að þessu sinni tveir, í kvennaflokki var **Elín Óskarsdóttir KFR** valin keilari ársins. Í karlaflokki var **Steinþór Geirdal Jóhannsson KR** keilari ársins. Elín og Steinþór voru bæði Íslandsmeistarar einstaklinga 2000, ásamt því að hafa staðið sig frábærlega fyrir sín félagslið svo og í landskeppnum á undanförnum árum.

## REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili sem nú er að ljúka kepptu 205 keilarar í deildarkeppninni í samtals 35 liðum og við héldum Íslandsmót einstaklinga með 47 þátttakendum. Þetta er fækkun um 52 keilara bæði í deild og einstaklingsmótinu miðað við fyrra ár. Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Íslandsmót í tvímenningi í maí

- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 4ra manna liða í október – apríl
- Íslandsmót para í janúar
- Íslandsmót einstaklinga í febrúar
- Bikarkeppni liða í október – apríl
- Meistarakeppni ungmenna í október – mars
- Íslandsmót unglinga í janúar

## ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2000

Tíu tvímenningar tóku þátt í mótinu en sigurvegarar urðu:

1. sæti Jón Helgi Bragason ÍR og Hjálmtýr Ingi Ingason ÍR – **Íslandsm. í tvím. 2000**
2. sæti Ásgeir Þ. Þórðarson ÍR og Halldór R. Halldórsson ÍR
3. sæti Árni Geir Ómarsson ÍR og Ívar G. Jónasson KFR

## MEISTARAKEPPNI KLÍ

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *Karlar:* | 1. sæti | KR-a | *Konur:* | 1. sæti | Flakkarar, KFR |
| | 2. sæti | Lærlingar, KFR | | 2. sæti | ÍR TT |

## ÍSLANDSMÓT PARA

Mótið var haldið í janúar 2001. Þátt tóku 11 pör.

1. sæti Elín Óskarsdóttir KFR og Freyr Bragason KFR – **Íslandsmeistarar para '2001**
2. sæti Ragna Matthíasdóttir KFR og Halldór Ragnar Halldórsson ÍR
3. sæti Jóna Gunnarsdóttir KFR og Jón Helgi Bragason ÍR

## BIKARKEPPNI LIÐA 2000-2001

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *Karlar:* | 1. sæti | Keilugarpar, KFR | *Konur:* | 1. sæti | Flakkarar, KFR |
| | 2. sæti | Keiluböðlar, KFR | | 2. sæti | Afturgöngurnar, KFR |

## ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 2000-2001

*Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2000-2001*

| Félög | 1. deild kvenna | 1. deild karla | 2. deild karla | Samtals '00-'01 | Samtals '99-'00 | Samtals '98-'99 | Samtals '97-'98 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KFR | 6 | 4 | 7 | 17 | 19 | 19 | 24 |
| KGB | - | - | 2 | 2 | 3 | 4 | 4 |
| KR | 1 | 2 | 1 | 4 | 4 | 4 | 5 |
| KFS | - | - | - | - | - | 4 | 4 |
| Keflavík | - | 2 | - | 2 | 6 | 5 | 5 |
| ÍFH | - | - | - | - | - | 1 | 1 |
| HK | - | 1 | 1 | 2 | 2 | 3 | 2 |
| ÍR | 1 | 3 | 2 | 6 | 7 | 8 | 8 |
| Fylkir | - | - | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| KSÁÁ | - | - | - | - | 1 | 1 | 1 |
| ÍA | - | - | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| **Samtals** | **8** | **12** | **15** | **35** | **44** | **51** | **56** |

***Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:***

**1. deild kvenna:** 1. sæti **Flakkarar KFR** **Íslandsmeistarar liða 2001**
2. sæti Afturgöngurnar KFR
3. sæti Valkyrjur KFR
4. sæti Keiluálfar KFR
***Deildarmeistarar 1. deildar:*** Flakkarar KFR

---

**1. deild karla:** 1. sæti **KLS, ÍR** **Íslandsmeistarar liða 2001**
2. sæti KR-a
3. sæti Lærlingar, KFR
4. sæti PLS, ÍR
***Deildarmeistarar 1. deildar:*** KR a

Úr 1. deild féllu ET, KFR (11. sæti) og Sveitamenn, Keflavík (12. sæti).

---

**2. deild karla:** 1. sæti **Þröstur, KFR** **Íslandsmeistarar 2. deildar**
2. sæti Keiluvinir, Fylkir
3. sæti Keiluböðlar, KFR

## ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk sunnudaginn 4. mars 2001. Keppt var í karla kvennaflokki. Alls tóku 47 einstaklingar þátt í mótinu sem hófst 22. febrúar 2001, 31 í karlaflokki og 16 í kvennaflokki. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem

fram mun fara í Moskvu í Rússlandi í byrjun september n.k. Keilusambandið greiðir bæði ferðir og gistingu vegna Evrópumótsins.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

### Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Elín Óskarsdóttir, KFR – Íslandsmeistari kvenna 2001**
2. sæti Jóna Gunnarsdóttir, KFR
3. sæti Dagný Edda Þórisdóttir, KFR

### Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Magnús Magnússon, KR - Íslandsmeistari karla 2001**
2. sæti Freyr Bragason, KFR
3. sæti Steinþór G. Jóhannsson, KR.

Ekki var keppt í flokkum karla og kvenna með forgjöf vegna ónógrar þátttöku.

### Verðlaunadreifing á milli félaga varð eftirfarandi:

| Keilufélag | Gull | Silfur | Brons | Samt. '01 | Samt. '00 | Samt. '99 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KFR – Keilufélag Reykjavíkur | 1 | 2 | 1 | 4 | 4 | 5 |
| ÍR – Keiludeild ÍR | - | - | - | - | 1 | 1 |
| KR – Keiludeild KR | 1 | - | 1 | 2 | 3 | 2 |
| KFS – Keilufélag Suðurnesja | - | - | - | - | - | - |
| KEF – Keiludeild Keflavíkur | - | - | - | - | 1 | - |
| HK – Keiludeild HK | - | - | - | - | - | 1 |
| **Samtals** | **2** | **2** | **2** | **6** | **9** | **12** |

### Dreifing keppenda í Íslandsmóti einstaklinga

| Keilufélag | Ka'01 | Ko '01 | Samt.'01 | Ka'00 | Ko '00 | Samt.'00 | Ka'99 | Ko'99 | Samt.'99 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KFR – Keilufélag Reykjavíkur | 9 | 12 | 21 | 13 | 10 | 23 | 20 | 10 | 30 |
| ÍR – Keiludeild ÍR | 12 | 3 | 15 | 8 | - | 8 | 8 | 1 | 9 |
| KR – Keiludeild KR | 6 | 1 | 7 | 10 | - | 10 | 7 | - | 7 |
| KFS – Keilufélag Suðurnesja | - | - | - | - | - | – | - | - | - |
| KEF – Keiludeild Keflavíkur | 2 | - | 2 | - | 2 | 2 | - | - | - |
| HK – Keiludeild HK | - | - | - | - | - | - | 2 | - | 2 |
| KGB – Keilufélag Garðabæjar | 1 | - | 1 | - | - | - | 1 | - | 1 |
| ÍFH – Íþróttaf. heyrnarlausra | - | - | - | - | - | - | - | - | - |
| KFA – Keilufélag Akraness | 1 | - | - | - | - | - | - | - | - |
| **Samtals** | **31** | **16** | **47** | **31** | **12** | **43** | **38** | **11** | **49** |

**KEILUSAMBAND ÍSLANDS**
Íþróttamiðstöðinni Laugardal

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2001

Íslandsmóti unglinga í keilu lauk með úrslitum í Keilu í Mjódd sunnudaginn 25. mars 2001. Alls kepptu 19 unglingar í fjórum flokkum pilta og stúlkna. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

| Þátttakendur | Dr. '01 | St. '01 | Hlutf.dreif '01 | Dr. '00 | St. '00 | Hlutf.dreif. '00 | Dr.'99 | St.'99 | Hlutf.dreif '99 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KFR 17 | 15 | 2 | 89% | 8 | 1 | 60 % | 12 | 5 | 47 % |
| KEF 2 | 2 | – | 11 % | 2 | 2 | 26 % | 8 | 5 | 36% |
| KR | – | – | – | 2 | – | 14 % | 6 | 0 | 17 % |
| ÍR | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| **Samtals** | **17** | **2** | **19** | **12** | **3** | **15** | **26** | **10** | **36** |

1. og 2. flokkur lék 18 leiki í forkeppni en 3. flokkur lék 12 leiki.
Keppt var í opnum flokki unglinga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglinga.

*Verðlaunadreifing á milli félaga í öllu mótinu varð eftirfarandi:*

| Keilufélag | Gull 01 | Silfur 01 | Brons 01 | Samtals 01 | Gull 00 | Silfur 00 | Brons 00 | Samt. 00 | Gull 99 | Silfur 99 | Brons 99 | Samt. 99 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KFR | 6 | 6 | 4 | 16 | 6 | 2 | 2 | 10 | 5 | 3 | 3 | 11 |
| KEF | 2 | – | 1 | 3 | 1 | 3 | 2 | 6 | 3 | 4 | 4 | 11 |
| KR | – | – | – | – | – | 1 | – | 1 | 1 | 2 | 1 | 4 |
| ÍR | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – | – |
| **Samtals** | **8** | **6** | **5** | **19** | **7** | **6** | **4** | **17** | **9** | **9** | **8** | **26** |

**Úrslit voru eftirfarandi:**
*Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.*

### PILTAR:

1. fl. **Eiríkur Arnar Björgvinsson KEF**
Gústaf Smári Björnsson KFR
Atli Þór Annelsson KEF

2. fl. **Jón Kr. Jóhannsson KFR**
Hafþór Harðarson KFR
Jakob Bj. Þorsteinsson KFR

3. fl. **Árni Þór Finnsson KFR**
Ásgeir Erlendsson KFR
Egill Sigþórsson KFR

4. fl. **Bjarni Páll Jakobsson KFR**
Daníel Hauksson KFR
Haukur V. Alfreðsson KFR

### STÚLKUR

3. fl. **Kristín Magnúsdóttir KFR**

4. fl. **Sigríður Ó. Ólafsdóttir KFR**

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2001

### Opinn flokkur – PILTAR
ÍSLANDSMEISTARI UNGLINGA Í OPNUM FLOKKI

| | |
|---|---|
| **Eiríkur Arnar Björgvinsson** | **KEF** |
| Árni Þór Finnsson | KFR |
| Gústaf Smári Björnsson | KFR |

### Opinn flokkur – STÚLKUR
ÍSLANDSMEISTARI UNGLINGA Í OPNUM FLOKKI

| | |
|---|---|
| **Kristín Magnúsdóttir** | **KFR** |
| Sigríður Ó. Ólafsdóttir | KFR |

---

## MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2000–2001
Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 5 umferðir og eru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt eru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lendir. Leikmaður safnar stigum og eftir allar umferðirnar kemur í ljós hver verður „Meistari ungmenna" í hverjum flokki.

Í vetur kepptu 32 piltar og 8 stúlkur, eða alls 40 unglingar og fóru öll mótin fram í Keilu í Mjódd.

Keppt var í þremur aldurshópum,
1. flokkur: 19 – 20 – 21 – 22 ára (6 leikir)
2. flokkur: 15 – 16 – 17 – 18 ára (6 leikir)
3. flokkur: 11 – 12 – 13 – 14 ára (3 leikir)

**1. fl. pilta (1978–1981)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.sæti | **Hjörvar Ingi Haraldsson** | **KFR** | 49 |
| 2.sæti | Steinþór G. Jóhannsson | KR | 48 |
| 3.sæti | Ívar G. Jónasson | KFR | 34 |

**1. fl. stúlkna (1978–1981)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.sæti | **Jóna Kr. Þórisdóttir** | **KFR** | **54** |
| 2.sæti | Súsanna Kr. Knútsdóttir | KFR | 42 |
| 3.sæti | Matthildur Gunnarsdóttir | KFR | 38 |

**2. fl. pilta (1982–1985)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.sæti | **Gústaf Smári Björnsson** | **KFR** | **48** |
| 2.sæti | Eiríkur A. Björgvinsson | KEF | 45 |
| 3.sæti | Magnús Magnússon | KFR | 43 |

**2. fl. stúlkna (1982–1985)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.sæti | **Dagný Edda Þórisdóttir** | **KFR** | **48** |

**3. fl. pilta (1986–1989)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.sæti | **Árni Þór Finnsson** | **KFR** | **58** |
| 2.sæti | Hafþór Harðarson | KFR | 42 |
| 3.sæti | Bjarni Páll Jakobsson | KFR | 40 |

**3. fl. stúlkna (1986–1989)**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.sæti | **Sigríður Ólafsdóttir** | **KFR** | **36** |
| 2.sæti | Magna Ýr Hjálmtýsdóttir | ÍR | 12 |
| 3.sæti | Karen Rut Sigurðardóttir | ÍR | 10 |

---

## ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA 2000–2001
Þátttaka liða reyndist ekki næg til að halda mótið.

# LANDSLIÐIN – ÞÁTTTAKA Í MÓTUM ERLENDIS

Á liðnu tímabili var tekið þátt í 4 landskeppnum. Í júní var Evrópubikarkeppni landsliða í Netanya í Ísrael,í september fóru Íslandsmeistararnir á Evrópubikarmót einstaklinga í Bergen í Noregi, í byrjun febrúar 2001 var norðurlandamót fullorðinna í Sarpsborg í Noregi og síðan var norðurlandamót unglinga í Kaupmannahöfn í mars. Auk þess tók Halldór Ragnar Halldórsson þátt í Heimsbikarmóti einstaklinga, AMF World Cup í Lisabon í Portúgal..

## EVRÓPUBIKARMÓT LANDSLIÐA

Evrópubikarmót landsliða fór fram í Netanya í Ísrael 29.maí til 6. júní 2000. Þátttakendur voru landslið karla og kvenna frá tuttugu og þrem þjóðum.– keppt var samkv. Baker formati.

Bæði var sent karla og kvenna lið til þáttöku á mótinu, liðin voru skipuð sem hér segir:

*Kvennalandslið:* Ágústa Þórsteinsdóttir, Dagný Edda Þórisdóttir, Elín Óskarsdóttir, Jóna Kristbjörg Þórisdóttir, Ragna Matthíasdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir.
*Karlalandslið:* Freyr Bragason, Hjálmtýr I. Ingason, Ívar G. Jónasson, Jónas Gunnarsson, Magnús Magnússon og Steinþór Jóhannsson.

Kvennaliðið endaði í 11. sæti af 16 þátttökuþjóðum með 167 meðaltal, og karlaliðið endaði í 15. sæti af 23 þjóðum með 187 meðaltal.

Með liðunum fóru Hörður Ingi Jóhannsson, varaformaður KLÍ og þjálfararnir Theódóra Ólafsdóttir og Jón Helgi Bragason.

## EVRÓPUBIKARMÓT EINSTAKLINGA

Evrópubikarmót einstaklinga, sem er keppni landsmeistara Evrópuþjóða, fór fram í Bergen í Noregi 30. ágúst til 4. september. Þátttakendur voru landsmeistarar frá tuttugu og níu þjóðum auk sigurvegara frá því 1999.

Fyrir Íslands hönd kepptu Íslandsmeistararnir 2000, Elín Óskarsdóttir KFR og Steinþór Jóhannsson KR. Elín endaði í 24. sæti með 175,59 stig að meðaltali. Steinþór endaði í 16. sæti með 191,90 að meðaltali í mótinu.

Með Elínu og Steinþóri var landsliðsþjálfarinn Theódóra Ólafsdóttir.

## NORÐURLANDAMÓT FULLORÐINNA

Norðurlandamót í keilu fór fram í Sarpsborg í Noregi 7.–10. febrúar. Karlalið Íslands náði þeim frábæra árangri að ná þriðja sæti í liðakeppninni og Steinþór G. Jóhannsson náði einnig þeim frábæra árangri að komast í 8 manna úrslit einstaklinga.

Sigríður Klemensdóttir ritari KLÍ var fararstjóri og þjálfari kvennaliðs var Theódóra Ólafsdóttir og umsjónarmaður karlaliðs var Halldór Ragnar Halldórsson.

Landsliðið var skipað eftirtöldum leikmönnum:

*Karlaflokkur:* Ásgeir Þór Þórðarson, Freyr Bragason, Halldór Ragnar Halldórsson, Jón Helgi Bragason, Jónas Gunnarsson og Steinþór G. Jóhannsson.
*Kvennaflokkur:* Dagný Edda Þórisdóttir, Elín Óskarsdóttir, Jóna Gunnarsdóttir, Jóna Kristbjörg Þórisdóttir, Ragna Matthíasdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir.

## NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA

Norðurlandamót unglinga í keilu fór fram í Kaupmannahöfn í Danmörku 7.–10. mars. Unglingalið Íslands í piltaflokki náði þeim frábæra árangri að ná þriðja sæti í liðakeppninni.

Björgvin Björgvinsson stjórnarmaður í KLÍ var fararstjóri og þjálfari liðsins var Theódóra Ólafsdóttir.

Landsliðið var skipað eftirtöldum leikmönnum:

*Piltaflokkur:* Árni Þór Finnsson, Atli Þór Annelsson, Björgvin Harðarson, Eiríkur A. Björgvinsson, Gústaf Smári Björnsson og Magnús Magnússon
*Stúlknaflokkur:* Dagný Edda Þórisdóttir

## SAMRÁÐSFUNDUR KEILUSAMBANDA NORÐURLANDANNA

Árlegum samráðsfundi keilusambanda Norðurlandanna var um óákveðinn tíma þar sem ekki var hægt að koma honum fyrir þannig að allir gætu mætt á fundinn.

# Afreksstefna Keilusambands Íslands.

**Stefna.**

Keilusamband Íslands stefnir að því að senda til þátttöku í alþjóðakeppni fremstu karl- og kvenkeilara landsins þannig að besti mögulegur árangur náist í hvert sinn.

Landslið fullorðinna (karla og kvenna) taki þátt í öllum mótum á vegum Heims- og Evrópusamtaka keilunnar (WTBA og WTBA-EZ) þar sem takmarkið verður að vera í hópi 10 bestu keiluþjóða í Evrópu. Ennfremur að senda keppendur til þátttöku í einstaklingmót sem WTBA heldur og því verður komið við.

Landslið unglinga (pilta og stúlkna) taki þátt í mótum á vegum WTBA og WTBA-EZ þar sem því verður komið við með það að markmiði að vera í hópi 10 bestu keiluþjóða í Evrópu í viðkomandi aldurshópi.

**Staða og tímasetningar:**

Landslið karla er nú í hópi 10-15 bestu keilulandsliða í Evrópu. Á síðasta Evrópubikarmóti (EB), sem var haldið í Ísrael árið 2000, endaði landsliðið í 15 sæti, en á síðasta HM, í Abu Dhabi nóv. 1999, lenti liðið í 13. sæti af 61. þátttökuþjóð. Það skal þó tekið fram að mismunandi keppnisfyrirkomulag er í mótunum. Ef tekst að halda saman besta liði sem völ er á hverju sinni og aðrar aðstæður haldast jákvæðar þá á takmark okkar að nást á EM í Danmörku 2001 og á EB árið 2002 ásamt HM árið 2003.

Landslið kvenna er nú í hópi þeirra 15 bestu í Evrópu. Á síðasta Evrópubikarmóti í Ísrael 2000 endaði landsliðið í 11. sæti en lið var ekki sent til þáttöku á síðasta HM 1999. Með markvissri uppbyggingu landsliðs kvenna næstu ár á takmarkið að nást á EB 2002 eða HM 2003 og EM 2004.

Landslið unglinga hefur ekki verið sent á EM eða HM unglinga hingað til en nú hefur komið upp ákveðinn kjarni sem gæti, ef markvisst er unnið með hópinn, náð settu markmiði á HM unglinga 2002.

Samhliða liðakeppnum er oft haldin keppni einstaklinga, tvímenninga og para. Landsliðsfólk okkar hefur oft á tíðum náð góðum árangri í þessum keppnum og ber þar hæst 4. sæti í tvímenningskeppni á EM 1997 þar sem þátt tóku 72 tvímenningar.
Ennfremur hafa tvö s.l. ár íslenskir keppendur á heimsbikarmóti einstaklinga náð 13. og 17. sæti af um 90 keilurum víðs vegar úr heiminum (einungis einn keppandi frá hverju landi).

Eins og áður segir hefur landslið unglinga ekki verið sent á EM eða HM en hefur tekið þátt í Norðurlandamóti unglinga. Á síðasta NM, sem haldið var á Íslandi 1999, vannst gull í tvímenningi, silfur og brons í einstaklingskeppni og íslenskt par lenti í 4 sæti í parakeppni.

**Forsendur:**
Keilusamband Íslands þarf að reka höfuðstöðvar fyrir íslenska keilu, þannig að grunnur sambandsins og keiluíþróttarinnar sé traustur. KLÍ sér um skipulagningu landsmóta í öllum aldursflokkum, fræðslustarf og síðan en ekki síst rekstur landsliða.

Raunverulegur grunnur KLÍ er hinsvegar aðildarfélögin sem þurfa að reka uppbyggingar- og afreksstarf með þátttöku í keppni á innlendum vettvangi. KLÍ verður síðan að leita leiða til að renna styrkari stoðum undir starfið í aðildarfélögunum þannig að þar verði áfram uppspretta afreksfólks í keilu.

Aðstaða til keiluiðkunar þarf að batna og verða eins og best gerist í nágrannalöndum okkar, til að mynda er ekki til stór frambærilegur keilusalur og hafa skapast ákveðin vandamál þess vegna þegar kemur að okkur að halda alþjóðleg mót sem okkur ber skylda til t.d. NM sem við þurfum að halda á 5 ára fresti. Ennfremur væri hægt að halda hér stór alþjóðleg mót (t.d. EM) með mörgum erlendum keppendum ef aðstaða væri fyrir hendi, slík mót draga að sér nálægt 300 keppendur og 100-200 þjálfara, fararstjóra og aðra áhangendur, og standa yfir í 1-2 vikur. Þá fengi afreksfólk í keilu tækifæri til að etja kappi við bestu keilara í Evrópu á heimavelli. Einnig væri líklegt að áhugi á keilu sem keppnisíþrótt ykist, en það er forsenda þess að við getum verið með keppendur í fremstu röð til framtíðar.

Traustur fjárhagur KLÍ er kjarni að rekstri keiluhreyfingarinnar. Styrkir og framlög frá ÍSÍ og skyldum aðilum eru stór hluti tekna sambandsins, meðal annarra tekna eru brautarleiga í mótum, sem rennur að mestu leyti beint til rekstraraðila viðkomandi keilusalar, svo og safnanir landsliðsfólks vegna landsliðsferða.

Til þess að ofangreind markmið í afreksstefnu KLÍ náist þarf meira fjármagn en sambandið hefur til umráða, efla þarf þjálfunarmenntun, samfara því að þjálfarar vinna ekki af hugsjón einni saman, sérstaklega þegar um aukið umfang þjálfunar er að ræða.

**Verkefni og kostnaðaráætlun:**

Hér á eftir verða talin upp helstu verkefni árin 2001-2003 ásamt kostnaðaráætlun.

1. NM01 – Febrúar 01 í Sarpsborg, NO. Fjöldi 15 – 5 dagar. Heildar kostnaður um 1.1 millj. Hlutur KLÍ um 450 þús.
2. NMU01 – Mars 01 í Kaupmannahöfn. Fjöldi 9 – 5 dagar. Heildar kostnaður um 650 þús. Hlutur KLÍ um 350 þús.
3. EM01 – Júní 01 í Álaborg. Fjöldi 15 – 14 dagar. Heildar kostnaður um 2,8 millj. Hlutur KLÍ um 1,1 millj.
4. ECI01 – Sept. 01 í Moskvu. Fjöldi 3 – 6 dagar. Heildar kostnaður um 450 þús. að öllu greitt af KLÍ.
5. ECT02 – Júní 02 í Evrópu. Fjöldi 15 – 6 dagar. Heildar kostnaður um 1,6 millj. Hlutur KLÍ um 550 þús.
6. HMU02 – ágúst 02 í Thailandi. Fjöldi 7 – 10-12 dagar. Heildarkostnaður um 1,6 millj. Hlutur KLÍ um 650 þús.

7. ECI02 – sept. 02 í Evrópu. Fjöldi 3 – 6 dagar. Heildarkostnaður um 400 þús. að öllu greitt af KLÍ.
8. NM03 – febrúar 03 í Finlandi Fjöldi 15 – 5 dagar. Heildar kostnaður um 1,5 millj. Hlutur KLÍ um 500 þús.
9. NMU03 – mars 03 í Svíþjóð. Fjöldi 8 – 5 dagar. Heildar kostnaður um 700 þús. hlutur KLÍ um 350 þús.
10. HM03 – ágúst 03 í Malasíu. Fjöldi 15 – 14 dagar. Heildar kosntaður um 3,6 millj. Hlutur KLÍ um 1,1 millj.
11. ECI03 – sept. 03 í Evrópu. Fjöldi 3 – 6 dagar. Heildar kostnaður um 400 þús. að öllu greitt af KLÍ.

NM = Norðurlandamót fullorðinna ( liðakeppni, tvímenningur, pör og einstaklingar kk+kvk)
NMU = Norðurlandaót unglinga (sama og NM)
EM = Evrópumót ( keppt í liðakeppni, þrímenning, tvímenning, einstakling ofl. Kk + kvk)
ECI = Evrópubikarkeppni einstaklinga ( landsmeistarar kk og kvk frá öllum löndum Evrópu)
ECT – Evrópubikarkeppni liða ( Liðakeppni kk+kvk)
HM = Heimsmeistaramót ( sama og EM)
HMU = Heimsmeistaramót unglinga ( sama og HM)

**Þálfunarmál:**

Í dag hefur KLÍ ekki þjálfara á launum, heldur höfum við aðgengi að einum þjálfara sem hefur menntað sig sem þjálfari í keilu með því að sækja námskeið fyrst hér heima í þjálfun og síðar námskeið erlendis um keiluþjálfun. Viðkomandi þjálfari hefur séð um þjálfun unglinga hjá einu af keilufélögunum ásamt því að koma að þjálfun hjá KLÍ við þjálfun unglinga og kvenna. Greiðslur hafa ekki verið vegna þjálfunar hjá KLÍ en greiddir hafa verið dagpeningar í ferðum erlendis.

Viðraðar hafa verið hugmyndir við almenningsíþróttasvið ÍSÍ um að halda þjálfaranámskeið þar sem reynt yrði að fá bæði fulltrúa frá keilufélögunum svo og einnig fulltrúa úr röðum íþróttakennara og leiðbeinanda á æskulýðsmiðstöðvum, KLÍ myndi sjá um að fá erlendan viðurkenndan leiðbeinanda á þetta námskeið. Úr þeim hópi kæmu síðan þjálfaraefni fyrir framtíðina.

KLÍ reyndi á árunum 98-99 að hafa erlendan þjálfara á sínum vegum í hluta starfi, en kostnaður við það t.d. árið 99 varð KLÍ um megn eða um 1,5 millj. Hins vegar varð árangur ágætur af þessu samstarfi og sáust þess glögg merki t.d. í verðlaunum á NMU-99 þar sem gull silfur og brons náuðst og síðan á HM99 þar sem landsliðið náði 13 sæti af 61.

Fyrir lítið sérsamband eins og KLÍ er nauðsynlegt að hafa þjálfara í hlutastarfi því þá má búast við að íslenskir keilarar muni vinna frekari afrek á komandi árum.

# 1. deild kvenna 2000-2001

*21. umferð*

| Lið | 1 | 2 | 3 | Samtals | Stig | Leikstaður |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Afturgöngurnar | 583 | 657 | 802 | 2042 | 2 | Keila í Mjódd |
| Flakkarar | 721 | 793 | 687 | 2201 | 6 | Keila í Mjódd |
| Tryggðatröll | 622 | 594 | 590 | 1806 | 0 | Keila í Mjódd |
| Keiluálfar | 697 | 608 | 643 | 1948 | 8 | Keila í Mjódd |
| Skutlurnar | 559 | 614 | 621 | 1794 | 0 | Keila í Mjódd |
| Valkyrjur | 631 | 711 | 630 | 1972 | 8 | Keila í Mjódd |
| KR | 596 | 677 | 605 | 1878 | 8 | Keila í Mjódd |
| Fellurnar | 504 | 513 | 464 | 1481 | 0 | Keila í Mjódd |

| Sæti | Lið | Leikir | U. | J. | T. | Skor | | Stj. | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Flakkarar | 84 | 73 | 0 | 11 | 43808 | 38714 | 186 | 146 |
| 2 | Afturgöngurnar | 84 | 63 | 0 | 21 | 42946 | 39690 | 167 | 126 |
| 3 | Valkyrjur | 84 | 61 | 0 | 23 | 41703 | 39053 | 157 | 122 |
| 4 | Keiluálfar | 84 | 45 | 0 | 39 | 39435 | 39453 | 110 | 90 |
| 5 | KR | 84 | 39 | 0 | 45 | 39106 | 39274 | 78 | 78 |
| 6 | Tryggðatröll | 84 | 37 | 0 | 47 | 39007 | 39662 | 115 | 74 |
| 7 | Skutlurnar | 84 | 12 | 0 | 72 | 35625 | 40074 | 43 | 24 |
| 8 | Fellurnar | 84 | 6 | 0 | 78 | 34157 | 39867 | 34 | 12 |

### *** BESTU AFREK VETRARINS ***

| | | |
|---|---|---|
| **Hæsta skor:** | | |
| Elín Óskarsdóttir | Flakkarar | 267 stig |
| **Hæsta sería:** | | |
| Solla Guðmundsdóttir | Flakkarar | 650 stig |
| **Hæsta meðaltal:** | | |
| Jóna Gunnarsdóttir | Afturgöngurnar | 183 stig |
| **Flestar fellur að meðaltali:** | | |
| Elín Óskarsdóttir | Flakkarar | 4.1 fellur |
| **Hæsti leikur liðs:** | Flakkarar | 834 stig |
| **Hæsta sería liðs:** | Flakkarar | 2300 stig |
| **Hæsta meðaltal liðs:** | Flakkarar | 174 stig |

### *** BESTU AFREK UMFERÐAR ***

| | | |
|---|---|---|
| Sirrý Hrönn Haraldsdóttir | Keiluálfar | 253 stig |
| Guðný Helga S Hauksdóttir | Flakkarar | 590 stig |
| Guðný Helga S Hauksdóttir | Flakkarar | 197 stig |
| Matthildur Gunnarsdóttir | Valkyrjur | 5.0 fellur |
| | Afturgöngurnar | 802 stig |
| | Flakkarar | 2201 stig |
| | Flakkarar | 183 stig |

## 1. deild kvenna 2000-2001

*Tímabil: 30.09.2000 til 18.04.2001*

| Nr. | Nafn | Lið | Félag | Öskjuhlíð Leikir | Öskjuhlíð Meðaltal | Keila í Mjódd Leikir | Keila í Mjódd Meðaltal | Keilubær Leikir | Keilubær Meðaltal | Samtals Leikir | Samtals Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Elín Óskarsdóttir | Flakkarar | KFR | 0 | 0,00 | 78 | 185,17 | 0 | 0,00 | 78 | 185,17 |
| 2 | Ragna Matthíasdóttir | Afturgöngurnar | KFR | 0 | 0,00 | 81 | 184,36 | 0 | 0,00 | 81 | 184,36 |
| 3 | Jóna Gunnarsdóttir | Afturgöngurnar | KFR | 0 | 0,00 | 81 | 181,12 | 0 | 0,00 | 81 | 181,12 |
| 4 | Solla Guðmundsdóttir | Flakkarar | KFR | 0 | 0,00 | 78 | 178,86 | 0 | 0,00 | 78 | 178,86 |
| 5 | Guðný Helga S Hauksdóttir | Flakkarar | KFR | 0 | 0,00 | 74 | 177,11 | 0 | 0,00 | 74 | 177,11 |
| 6 | Sigfríður Sigurðardóttir | KR | KR | 0 | 0,00 | 57 | 173,89 | 0 | 0,00 | 57 | 173,89 |
| 7 | Dagný Edda Þórisdóttir | Valkyrjur | KFR | 0 | 0,00 | 69 | 173,28 | 0 | 0,00 | 69 | 173,28 |
| 8 | Ágústa Þorsteinsdóttir | Afturgöngurnar | KFR | 0 | 0,00 | 81 | 170,96 | 0 | 0,00 | 81 | 170,96 |
| 9 | Jóna Kristbjörg Þórisdóttir | Valkyrjur | KFR | 0 | 0,00 | 68 | 167,18 | 0 | 0,00 | 68 | 167,18 |
| 10 | Alda Harðardóttir | Valkyrjur | KFR | 0 | 0,00 | 68 | 167,04 | 0 | 0,00 | 68 | 167,04 |
